

Alþingi
Erindi nr. P 137/275
komudagur 19.6.2009



Starfsgreinasamband Íslands

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. júní 2009

Efni: 78. mál – Umsögn um breytingu á lögum nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna.

Starfsgreinasamband Íslands gerir fyrirvara við að breyting sú sem hér um ræðir, úr 3 vikum í 6, nægi til að innleiða markmið tilskipunar 1999/70/EB með fullnægjandi hætti. Skal þá m.a. vísað til niðurstöðu Evrópudómstólsins í máium nr. C-212/04 *Adelener* og C-378/07 *Angelidaki*. Skv. niðurstöðu dómsins í máli C-212/04 *Adelener* getur ákvæði í lögum aðildarríkis, þess efnis að líði lengri tími en 20 dagar á milli ráðningarsamninga teljist samningur ekki taka við af fyrri ráðningarsamningi, eitt sér ekki tryggt markmið tilskipunarinnar um bann við mismunun. Að meginreglu eru ráðningarsamningar ótímabundnir og er þeirri meginreglu m.a. ætlað að tryggja starfsöryggi launamanna. Ákvæði líkt og það sem um var að ræða í *Adelener* var ekki talið til þess fallið að tryggja meginreglu um ótímabundna ráðningarsamninga og markmið tilskipunarinnar um starfsöryggi og bann við mismunun. Í máli C-378/07 *Angelidaki* kom m.a. fram að almennt verði að telja ákvæði í lögum aðildarríkis þar sem ofangreint hlé er 3 mánuðir nægilega langt til að markmið og tilgangur tilskipunarinnar sé virtur en hins vegar verði að líta til markmiðs tilskipunarinnar um bann við mismunun og starfsöryggi starfsmanna og skoða hvert tilvik fyrir sig. Þar verður að líta til þess m.a. hvort endurteknum ráðningum sé í raun ætlað að mæta þörfum vinnuveitanda sem séu ekki tímabundins eðlis heldur stöðugar og varanlegar. Af dómunum má álykta að efi leikur á að tímamörk þau sem lögð eru til með frumvarpinu ein sér geti tryggt markmið tilskipunarinnar svo óyggjandi sé, og er í því sambandi bent á að orlof starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði er almennt á bilinu 5-6 vikur. Starfsgreinasamband Íslands telur því ekki ljóst að frumvarpið innleiði „með fullnægjandi hætti tilskipun ráðsins 1999/70/EB.....“ líkt og segir í athugasemdum með frumvarpinu og sé þannig til þess fallið að uppfylla skilyrði og markmið tilskipunarinnar.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Fjóra Pétursdóttir, lögfræðingur